

Tilkynnigarskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum


skv lið 13.02. í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000


Inngangur

Lindarfiskur ehf er lítið fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir bleikju til manneldis. Við tókum inn fyrstu bleikjuhrognin af Hólastofni árið 2011 og höfum haldið okkur við þann stofn, enda er hann sjúkdómalaus og úr verða afbragðs matfiskar. Síðan 2011 höfum við verið með 20 tonna eldi og verið í hægri uppbryggingu. Nú er komið að því að við getum stækkað. Þess vegna erum við að sækja um 300 tonna eldi. Við ætlum einnig að byggja nýtt seiðaeldishús sem verður staðsett annarsstaðar en áframeldið, þetta er gert til að hafa eggjín í fleiri en einni körfu. Með stækkun á eldinu vonumst við til að skapa grundvöll til atvinnu bæði í Skaftárhreppi þar sem fiskeldið er og einnig í Mýrdalshreppi þar sem fiskbúðin/vinnslan er. Framleiðsluaukingin ætti ekki að hafa í för með sé aukna mengun þar sem við notum ekki heitt vatn í áframeldið og frárennslisskurðir eru langir og reglulega tæmdir af næringarefnum sem eru svo nýtt sem áburður á tún og í uppgræðslu. Einnig er afskurður og tilfallandi dauðfiskar notaðir sem svínafóður.

Fyrirhugaðar breytingar

Fyrirhugaðar breytingar eru stækkun úr 20 tonna ársframleiðslu í 300 tonn. Sú stækkun mun ekki gerast á einni nóttu. Við vonumst til að ná upp í 150 tonn á árinu 2017 og svo 50 tonna aukningu á ári þar til 300 tonnunum er náð. Þessari stækkun verður náð með því að kaupa fleiri hrogn til að auka framleiðslugetuna á matfiski og með því að auka eldisrými fyrir klakið með því að byggja nýtt seiðaeldishús. Einnig verður bætt við eldisrými fyrir matfiskinn. Þær einingar verða staðsteyptar rennur, um 100m³ hver. Seiðaeldishús verður byggt sunnan við aðaleldið, Sjá mynd 1 Frárennslí frá seiðeldi verður mjög lítið, enda lítil vatnsnotkun á smáseiðum og hroignum.





Mynd 1 Fyrirhuguð staðsetning seiðaeldishúss (Fiskeldishús B) Staðsetning matfiskeldis og uppbygging á vegslóða

Framleiðsluferlið

Seiðin eru alin frá hrognum. Hrognin verða höfð í 4°C heitu vatni þar til kviðpokinn er horfinn. Þá eru þau flutt í stærra eldisrými innan sama húss (fiskeldishús B sjá mynd 1). Eftir þann flutning er vatnið á þeim hitað uppi 7-8°C þar til þau eru orðin nógum stórum til að vera flutt í áframeldið. Vatnsmagni í seiðaeldinu verður um 30 l/s. Vatnið er hitað upp með rafmagni sem er framleitt í vatnsaflsvirkjun

sem er í einkaeigu Botna. Einungis lítill hluti af vatni verður hitaður og blandaður með köldu vatni til að ná 8°C úr 4°C. Eins og er þá er ekkert vatn hitað og verður ekki fyrr en nýja seiðahúsið verður byggt. Í áframeldinu er ekki notað hitað vatn. Einungis er notast við náttúrulegan hita á vatninu hverju sinni. Hægt er að taka 300 l/s með 1000mm lögninni og 1850 l/s með 800mm neyðarlögninni. Matfiskurinn er alinn upp í sláturstærð, sem er 650g-1000g í náttúrulegum vatnshita. Eina breytingin sem verður við stækjunina er að vatn verður hitað í seiðaeldinu, en það verður aftur orðið kalt við komuna í viðtakann. Ásamt því að fleiri fiskar verða framleiddir. Eins og er þá er búið að leggja nauðsynlegar lagnir að áframeldinu og því breytist gegnumstreymi vatns þar lítið sem ekkert.

Slátrun er framkvæmd þannig: Fiskarnir eru settir í svelti í 2-3 sólarhringa fyrir slátrun. Þeir eru síðan blóðgaðir einn í einu með því að skera á tálknin. Þeir eru síðan látnir blóðrenna í hreinu vatni þar til þeir eru dauðir. Þeir eru síðan fluttir í krapa í vinnsluna sem staðsett er í Vík í Mýrdal. Blóðvatninu er svo hleypt útí setþró.

Framkvæmdalýsing

Núverandi mannvirki í seiðeldi er 40 feta gámur með einni 4" lögn beint í lind nr 2 á Mynd 2. Það mannvirki sem kemur í staðin verður staðsett á reitnum sem merkt er Fiskeldishús B á mynd 1. Það hús verður 10*12 mtr að stærð, en ekki er búið að fullhanna það. Gert verður ráð fyrir að láta það falla inn í landslagið td. með torfþaki.

Núverandi mannvirki í áframeldinu eru 6 trefjapalstker, þrjú 8,5m³ og þrjú 25m³. Einnig eru 6 stálrennur sem hver um sig er 36m³. Tvær steyptar rennur sem eru 100m³ hvor fyrir sig. Ekki verður bætt við stálrennum og trefjaplastkerjum, en steyptu rennunum verður fjölgæð. Við áframeldið er steyptur deilikassi og í hann er ein 100cm lögn og önnur 80cm lögn. 100 cm lögnin er sú sem er í notkun en hin er til vara, sjá mynd 3. Ástæðan fyrir aðveituskurðinum er að sækja lindarvatnið að uppsprettunum sem eru efst í rafstöðvarlóninu. Þannig er komið í veg fyrir grunnstingul í eldinu og nýju rafstöðinni og hægt að halda stöðugri vatnshita allt árið. 80 cm lögnin liggur út í lónið og hægt að nota hana í neyð ef eitthvað kæmi einhverntíma fyrir, eða vegna viðhalds.

Mengunarvarnir í fráveitu

Öllu vatni sem fer í gegnum áframeldið er veitt í ca kílómetres langan fráveituskurð. Fyrsta stopp er í byrjun skurðarins þar sem verður hafður djúpur pyttur (2 metrar) þar sem stærstu föstu agnirnar ættu að botnfalla. Sá pyttur verður tæmdur einu sinni á ári með haugsugu, og oftar ef þurfa þykir. Skurðurinn sjálfur verður svo víkkaður, í 10 metra, á miðri leið til að hægja verulega á vatnsstreyminu. Þar verður einnig hægt að sjúga uppúr ef þurfa þykir. Nálægt endanum er svo byggð föst eining, 12*5 mtr ofan í frárennslíð með neti í innstreymi og útstreymi. Netin virka bæði sem vörn við slysasleppingum og að villtur fiskur komist að eldisstöðinni. Þessi eining er einnig til þess fallið að agnir falli niður og hægt verði að sjúga þær upp án þess að jarðvegur fylgi með. Ekki er eiginleg mengun af fiskeldi, það er að segja að það eru ekki eitraðar semeindir þar á ferð. Hinsvegar eru lífræn efni í frárennslinu. Með ofantoldum aðgerðum verður hægt að halda viðmiðunarmörkum á vatni sem fer í vatnsviðtaka undir 4mg/L á BOD (lífræn sörefnisbörf). Vatn er hvergi hitað í áframeldinu. Þannig er aukingu á blóma í frárennslí einnig haldið niðri. Með því að hafa gildru fyrir fast efni í upphafi, breikkun á miðri leið og aðra setgildru í enda ásamt lengd skurðar, ætti loka fyrir það skotið að úrgangsefni berist í viðtaka. Ef mælingar sýna fram á annað verður brugðist við því á viðeigandi hátt. Ef bráðamengun kæmi upp (sem er nánast ómögulegt) yrði fóðrun hætt og viðbragðsáætlun sett í gang. Sem er: Ef farið verður yfir viðmið sem gefin eru upp í reglugerð verður


brugðist við á viðeigandi hátt. Fóðrun stöðvuð. Lengja og/eða breikka setþró, sjúga burt seyr eða útbúa mýri sem endastöð.

Við seiðaeldið verður notað hitað vatn, en það verður í svo litlu magni, og fráveituskurðurinn það langur, að vatnið kólnar aftur á leiðinni út í viðtakann, sem er það stór að heita vatnið hefur engin mælanleg áhrif á hitastigið í honum. Viðtakakinn úr seiðaeldinu er um 200L/sek. Ekki er um raunverulega aukningu á vatnsmagni að ræða, þar sem vatnið úr seiðaeldinu er tekið ofar úr viðtakanum og leitt út í hann aftur eftir notkun. Vatnsmagnið sem notað er í seiðaeldinu er að hámarki 30 l/s. Það er ekki nógum mikil breyting til að hafa áhrif á lífríki. Vatnslagnir að seiðaeldi varða grafnar í jörðu og lindirnar sem verða notaðar eru ekki fullnýttar hver fyrir sig og þannig komið í veg fyrir að lækirnir frá þeim þorni. Þannig er hugsanlegu lífríki forðað frá því að þorna upp. Uppsprettunar tvær sem eftir eru, fyrir utan allar þær uppsprettur sem eru í árfarveginum sjálfum alveg niður að ármótum, verða ekki snertar að neinu leyti. Við lágmarksvatnshæð eins og staðan er fyrir framkvæmdir er rennslið um 200L sek þar sem lækurinn rennur við hlið fyrirhugaðs eldihúss. 30Lsek af 200Lsek skilja eftir 170L sem þar sem lækurinn mætir eldvatni sem er með 25m3/ til 32m3sek.

Þar sem vatnið fer úr seiðaeldinu verður hafður djúpur pyttur, 1,5 m á dýpt og 2m á breidd þar sem stærstu lífrænu agnirnar falla niður. Sá pyttur verður tæmdur einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir. Frárennslisskurðurinn verður ekki fyrirferðarmeiri í landslaginu en hefðbundinn myrarskurður og gerðar verða göngubrýr yfir hann til að fé komist auðveldlega yfir. Hefur ekki áhrif á jarðmyndanir. Ekki er um neinar fornminjar að ræða á svæðinu. Uggi frá minjastofnum er búinn að taka þetta allt út.

Viðtakinn fyrir bæði matfiskeldið og seiðaeldið er Eldvatn í Meðallandi og er meðalársrennsli frá 25m3/s og upp í 32,4m3/s sem er mjög góður viðtaki (Veðurstofa Íslands 2015: Gagnabanki Veðurstofu Íslands, afgreiðsla nr. [2015-10-29](#)/02). Farið verður eftir reglugerðum nr 798/1999, nr 797/1999, nr 798/1999, nr. 804/1999 og gert betur þar sem hægt er.

Lindarfiskur ehf
Kt:590509-0350
Sigtún 6
Vík í Mýrdal



Mynd 2 Lagnir að og frá seiðaeldishúsi ásamt uppbyggðum vegaslóða sem var til staðar. Seiðeldishúsið verður amk 50mtr frá læknum sem rennur við hliðina á því.





Mynd 3 Veituskurður er blár, 100 cm lögn er bjólublá og 80 cm lögn er bleik

Hvaða efni verða leidd frá framleiðslunni

Efnin sem verða leidd frá framleiðslunni eru öll af lífrænum toga. Þar eru skítur frá eldisdýrum og óétið fóður. Ekki eru notuð nein lyf í framleiðslunni. Gert er ráð fyrir að setþrær séu nógum stórar til að fella brott allt fast efni og viðtakinn sé nógum stór til að blöndun verði það mikil að engin áhrif verði á náttúrulegt jafnvægi viðtakans. Önnur efni eru ammóníakssölt og fosfór. Þessi efni brotna niður fyrir tilstilli örvera sem verða í fullri vinnu í setþrónum. Þegar kemur að blöndun í viðtaka er svo lítið eftir að þau efni ættu hvorki að mælast yfir viðmiðum, né sjást sem blómi í viðtaka. Ekki hafa verið tekin sýni í viðtaka, en viðtaki hefur verið í eftirliti hjá MAST og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Sýni verða tekin nú í febrúar 2017 og send til Rannsóknarstofunnar Sýni og þá er fundinn „fyrir“ punkturinn. Í framhaldi verður tekið sýni á hverju ári og reglulega fylgst með sjónrænt. Ef farið verður yfir viðmið sem gefin eru upp í reglugerð verður brugðist við á viðeigandi hátt. Með því að lengja og/eða breikka setþró, sjúga burt seyrur eða útbúa myri sem endastöð. Afskurður er notaður sem svínafóður og sett í meltu sem notuð er sem áburður og þannig minnkaðar líkur á ofauðgunarmengun frá tilbúnum áburði.

Vegslóðauppbrygging

Sjá má legu vegslóða á mynd 1 og 2. Þessi vegslóði sem hefur verið þarna í áratugi er byggður upp til að auðvelda aðgengi að seiðaeldishúsi og koma í veg fyrir ófærð með tilheyrandi óþægindum fyrir

Lindarfiskur ehf
Kt:590509-0350
Sigtún 6
Vík í Mýrdal

fólk og fiska. Efnið í og við slóðann var nóg til uppbyggingar. Tekið verður harpað hraun úr námu á staðnum til að bera ofan í hann þegar þurfa þykir.

Skipulag og leyfi

Á þessari slóð má sjá nýjasta deiliskipulagið fyrir Botna, þar sem fiskeldi er staðsett:
http://www.klaustur.is/files/DI_PI_Br1_Botnar.pdf

Fyrirhugaðar breytingar hafa verið samþykktar af yfirvöldum á svæðinu.

Á myndum nr 5 og 6 má sjá þau starfsleyfi og rekstaraleyfi sem eru í gildi.

Lindarfiskur ehf
Kt:590509-0350
Sigtún 6
Vík í Mýrdal

STARFSLEYFI

Lindarfiskur ehf

ÍSAT nr.05.02.2.0 - Land- og kvældi, matfiskur

Sigtún 6
870 Vík

kt. 590509 -0350

Nafn og kt. rekstraraðila: Drífa Bjarnadóttir, kt. 280278 5139
Heimilisfang: Sigtún 6, 870 Vík

Útgáfudagur: 15. febrúar 2011 Gildir til: 15. febrúar 2023

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og laga nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfseminna kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Lindarfisk ehf
dags. 15. febrúar 2011

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækji um að leyfið ferist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið pá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandí gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 56, 800 Selfossi kt. 480284 0549 Sími 480 8220

Selfossi, 15. febrúar 2011

Birgir Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi



Mynd 4 Starfsleyfi fiskeldis í Botnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands



Rekstrarleyfi til fiskeldis
Rekstrarleyfissnúmer: IS-36124
Lindarfiskur ehf.

1. Rekstrarleyfishafa

Handhafi leyfis þessa er Lindarfiskur ehf, kt. 590509-0350., Sigtúni 6, 870 Vík. Leyfið er gefið út af Fiskistofu í samræmi við ákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis er óheimil án samþykkis Fiskistofu, sbr. 17 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Tilkynna skal Fiskistofu um breytingar á eignaraðild. Verði verulegar breytingar á forsendum fyrir rekstri fiskeldisstöðvar, s.s. er varðar eldistegund eða eldisaðferðir skal sækja um rekstrarleyfi að nýju eða breytingu á rekstrarleyfi.

2. Leyfileg framleiðsla

Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi heimilar Fiskistofa hér með Lindarfiski ehf. að stunda landeldi á bleikju í eldiskerjum á landi. Þar sem heimilt er að framleiða allt að 20 tonnum árlega. Ársframleiðsla er miðud við almanaksár. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir, sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.

3. Staðsetning og búnaður

3.1 Staðsetning eldisstöðvar er í Eldvatnsbotnum, í Skafturbreppi. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að starfa utan starfssvæðis eldisstöðvar. Nota skal búnað sem fullnægir krófum Fiskistofu, notkun a innflutnum notuðum búnaði til eldisins er óheimill. Í stöðinni skal hindra slysasleppingar með því að koma fyrir búnaði í frárennsli sem tryggir að lískur sleppi ekki út úr eldisstöð.

3.2 Frárennsli og innrennsli skal útbúið með netsígti sem geri það fiskhelt en verði að öðru leyti í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

3.3 Tæki sem notuð eru til flutnings á lífandi eldisfiskum skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttihreinsa og skulu þau ávallt þrifin að flutningi loknum. Auð þess skulu tækín sóttihreinsuð ef hefja á flutning frá nýjum aðila.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningataekin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur.

4. Eftirlit

4.1 Fiskistofa hefur eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við tyrrmæli laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispáttar í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Matvælastofnum hefur eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða í samræmi við lög þar að lítandi.

4.2 Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skyrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, föðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna



hans, sjúkdóma og önnur óhöpp i rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldissjölvum samkvæmt reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur.

Fiskistofu skal ætið vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

5. Innra eftirlit

Forsvarsmaður fiskeldisstöðvar sem sér um daglegan rekstur skal hafa eftirlit með umhverfisþáttum, heilbrigði og velferð lagardýra, þar með talið mannvirkjum og búnaði.

6. Gildistaka

Óheimilt er að flytja eldistisk, seiði eða hrogn í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Fiskistofu. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fer um að fullnægja skilmálum rekstrarleyfis, miðað er við að úttekt hafi farið fram eigi síðar en einum mánuði frá útgáfudagsetningu leyfisins. Ef starfsemi er ekki hafin innan mánaðar frá útgáfu leyfisins má sækja um frestun á úttekt. Rekstrarleyfi þetta gildir í 10 ár frá útgáfudegi og gildir til **31. október 2023**.

7. Afturköllun

7.1 Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafsið starfsemi er Fiskistofu heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

7.2 Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmelum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að áðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldistiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

7.3 Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli ofangreindra laga.

8. Gjaldtaka

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjármámi.



Mynd 5 Rekstrarleyfi Lindarfisks í Botnum frá Fiskistofu

Samantekt

Við höfum alltaf lagt metnað okkar í að gera sem allra best, bæði við eldisdýrin og umhverfið. Allur úrgangur er notaður, annað hvort sem fóður í önnur dýr, eða sem áburður á tún og í uppgræðslu. Þannig erum við að reyna að loka hringnum í átt að sjálfbærni í okkar eldi. Það er okkur mikið í mun að halda þessari fallegu náttúru hreinni.

Heimildir:

- Veðurstofa Íslands 2015: Gagnabanki Veðurstofu Íslands, afgreiðsla nr. [2015-10-29/02](#)
- Eldisbóndinn
- Reglugerð nr. [796/1999](#) um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. [797/1999](#) um varnir gegn mengun grunnvatns
- Reglugerð nr. [798/1999](#) um fráveit og skólp
- Reglugerð nr. [804/1999](#) um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri